



Fjölmenningarstefna
Vestmannaeyja



Ljósmynd: Óskar Pétur Friðriksson

Virk þátttaka og gagnkvæm virðing

Vestmannaeyjabær skal hafa það að leiðarljósi að íbúar sveitarfélagsins af erlendum uppruna verði virkir og sjálfbjarga þátttakendur í samfélaginu og fái notið fjölbreytts mannlífs og menningar þar sem þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenna samskipti fólks af ólíkum uppruna.

Starfsemi Vestmannaeyjabæjar í málefnum fólks af erlendum uppruna skal taka mið af eftirfarandi:

Aðgengi að þjónustu

Vestmannaeyjabær marki sér stefnu sem tekur tillit til fólks af erlendum uppruna og skal sérstaklega huga að túlkunarþjónustu og þýðingu eyðublaða yfir á önnur tungumál. Áhersla skal vera að íbúar Vestmannaeyjabæjar geti sótt grunnupplýsingar á íslensku, ensku og pólsku á vef bæjarins.



Ljósmynd: Tryggvi Már Sæmundsson



Ljósmynd: Óskar Pétur Friðriksson

Draga úr fordómum

Vinna skal markvisst gegn fordómum meðal íbúa með aðferðum sem stuðla að gagnkvæmri aðlögun. Leggja skal sérstaka áherslu á fyrirbyggjandi starf, fræðslu um fordóma og fjölmenningslega kennslu innan stofnana. Skal það m.a. gert með fræðslu og upplýsingum fyrir starfsmenn og íbúa sveitarfélagsins.

Skólastarf

Í skólastarfi skal leggja áherslu á kennsluhætti sem henta börnum af erlendum uppruna og koma til móts við þarfir þeirra m.a. í kennslu í íslensku sem og öðru tungumáli.

Ganga skal út frá því að kennda um menningu og uppruna nemenda sé á jafnréttisgrunni með það að markmiði að auka skilning allra nemenda á mismunandi aðstæðum þeirra og draga úr fordómum. Samskipti heimila og skóla skulu vera með þeim hætti að fólk af erlendum uppruna öðlist skilning á íslensku skólastarfi og námi barna sinna. Kynning á skólastarfi og forsendum þess skal fara fram í upphafi náms. Ekki er gerður greinarmunur á leik- og grunnskóla í þessu samstarfi.



Ljósmyndir úr myndasafni Vestmannaeyjabæjar





Ljósmynd af heimasíðu grv.is

Hvatning til íslenskunáms

Íbúum af erlendum uppruna skal sem vilja læra íslesku skulu sköpuð tækifæri til þess. Vinnuálag, aðstöðuleysi, fátækt, einangrun eða skortur á hæfilegum námsleiðumkomi ekki í veg fyrir að þeir geti nýtt sér þessi tækifæri. Hafa skal samstarf við menntastofnanir um skipulögð námskeið á kostnað viðkomandi einstaklinga.

Nýting þekkingar og menntunar fólks af erlendum uppruna

Ganga skal út frá þeim forsendum að íbúar af erlendum uppruna séu bæði neytendur og veitendur í samfélaginu. Unnið skal að því að þeir fái störf við hæfi og sömu tækifæri og aðrir til að miðla til samfélagsins af hæfileikum sínum, reynslu og menntun, þar sem því verður við komið.



Ljósmynd: Óskar Pétur Friðriksson



Mynd: <https://creativecommons.org/licenses/by/2.0>

Miðlun upplýsinga

Íbúar af erlendum uppruna skal fá tækifæri til að njóta þess sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Skal það gert með því að safna upplýsingum um réttindi og skyldur á einn stað og miðla á ensku og pólsku.



Ljósmynd: Drífa Þöll Arnardóttir



Starfsemi Vestmannaeyjabæjar skal taka mið af fjölmeningarstefnunni og er forstöðumönnum stofnana gert að kynna hana. Fjölmeningarfulltrúi mun fylgjast með því að unnið sé eftir stefnunni. Stefnuna á að endurskoða í september 2021.